

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr./m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í júlímánuði 1997, 223,6 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 178, 7. mars 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. júlí 1997.

F. h. r.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

18. júlí 1997

um staðfestingu á aðalskipulagi Grímseyjarhrepps 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. júlí 1997 staðfest aðalskipulag Grímseyjarhrepps 1996-2016.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Grímseyjarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 18. júlí 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

15. júlí 1997

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

Að Hafnarstræti verði lokað til austurs við hús nr. 20.

Ákvörðun þessi tekur gildi þann 30. júlí 1997.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. júlí 1997.

Böðvar Bragason.